

Iðnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti gera með sér eftirfarandi

Samkomulag

um fjármögnun verkefna á sviði sjávarútvegs.

I.

Iðnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti munu áfram sameiginlega vinna að því að efla rannsóknir og þróunarstarfsemi á sviði sjávarútvegs. Til grundvallar liggja sameiginleg markmið ráðuneytanna að efla hagræðingu í atvinnulífinu og auka verðmæti afurða.

Í byggðaáætlun 2006-2009 er lögð áhersla á gildi menntunar og sagt að “ Aukin menntun, þekking og færni er því sameiginlegt hagsmunamál þjóðarinnar.”

Þá er lögð áhersla á aukna nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi, þar sem störfum í frumvinnslu innan hefðbundinna greina hefur haldið áfram að fækka og litlar horfur eru á að þessi þróun snúi við. Því er nauðsynlegt að leita nýrra leiða til þess að efla atvinnulíf og styrkja samkeppnishæfni byggða með eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar.

Iðnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti munu vinna sameiginlega að tveim verkefnum á Sauðárkróki á sviði sjávarútvegs, en þau eru : Samstarf um rannsóknir, þróun og menntun í Þróunarsetri Hólaskóla á Sauðárkróki og próteinframleiðsla á Sauðárkróki.

II.

Fyrirtækið Iceprotein ehf, sem er fyrirtæki í eigu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, mun í samstarfi við FISK-Seafood hf, á Sauðárkróki, vinna að því að þróa, framleiða og markaðssetja blautprótein fyrir fiskiðnað á Íslandi og þurrkuð prótein fyrir heilsu- og fæðubótarmarkaðinn. ALFA-LAVAL leggur til hluta búnaðar, gegn því að fá að fylgjast með þróunarverkefninu. Að loknum aðlögunartíma, sem áætlaður er eitt ár, má gera ráð fyrir að 5-10 starfsmenn geti unnið við verksmiðjuna.

III.

Samstarf Hólaskóla, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins o.fl.

Hólaskóli, FISK-Seafood hf, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf), Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands (HÍ) og Háskólinn á Akureyri (HA) hafa gert með sér samning um verkefni sem fjallar um uppbyggingu, rekstur og nýtingu á Þróunarsetri Hólaskóla sem staðsett er á Háeyri 1 við höfnina á Sauðárkróki. Með samningi þessum vilja aðilar vinna saman við að efla rannsóknir, þróun og menntun á sviði raunvísinda, náttúruvísinda, fiskeldis, fiska-, sjávar- og vatnalíffræði og matvælavinnslu.

Nýja aðstaðan skapar möguleika til enn frekari þróunar á samstarfi ofnagreindra aðila. Það eru sameiginlegir hagsmunir þeirra að samnýta aðstöðuna til að efla sértæka starfsemi sína og stuðla þannig m.a. að aukinni þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni. Í Þróunarsetri Hólaskóla

á Sauðárkróki er nú góð aðstaða til kennslu og rannsókna í fiskeldi og þar fer fram nær öll kennsla við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Hólaskóla.

Ein meginforsenda samstarfsins er að með því skapast aðstæður til þess að útvíkka það, bjóða fleiri aðilum til samstarfsins og efla þannig menntun, rannsóknar- og þróunarstörf á landsbyggðinni.

IV.

Verkefnum þessum er nánar lýst í fylgiskjali, sem er hluti þessa samkomulags. Að því er stefnt að um framhald þessa samstarfs geti orðið að ræða á grundvelli byggðaáætlunar 2006-2009.

Iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra leggja til þessara verkefna samtals 15,6 m.kr. á árinu 2006 og skiptist fjárhæðin þannig að sjávarútvegsráðuneytið leggur til 8,8 m.kr. og iðnaðarráðuneytið leggur til 6,8 m.kr. Iðnaðarráðuneytið mun greiða 6,8 m.kr. inn á reikning sjávarútvegsráðuneytisins strax og samkomulagið hefur verið undirritað.

Sjávarútvegsráðuneytið mun hafa umsjón með greiðslum til verkefnanna og eftirlit með framkvæmd þeirra. Vegna skýrslu um framkvæmd byggðaáætlunar 2006-2009 mun sjávarútvegsráðuneytið gera grein fyrir heildarárangri af verkefnunum.

V.

Samkomulag þetta gildir til 31. desember 2006.

Sauðárkrókur, 7. mars 2006

Valgerður Sverrisdóttir,
iðnaðarráðherra

Einar Kristinn Guðfinnsson,
sjávarútvegsráðherra